

Davíð og fiskarnir. Bls. 5-32 spurningar

1. Hvað heitir strákurinn í bókinni (bls. 5)
2. Hvað langaði hann í (bls. 5-6)
3. Hverju mátti Davíð óska eftir að fá í afmælisgjöf (bls.7)
4. Hvað vildi Davíð fá lánað hjá Helga? (bls. 9)
5. Hver kom í heimsókn? (bls. 10)
6. Hvers vegna bað Helgi Davíð að passa fiskana? (bls. 12)
7. Hver átti að sækja fiskabúrið heim til Helga? (bls. 13)
8. Hvað kallaði mamma? (bls. 14)
9. Hvað var í krúsinni sem Davíð hélt á? (bls. 16)
10. Hver á heima í litla rauða húsinu? (bls. 17)
11. Hver kom út úr garðinum? (bls. 18)
12. Hver reyndi að ná í hálsbandið á Kóngi? (bls. 20)
13. Hvað missti Davíð? (bls. 21)
14. Hvað dreifðist um götuna? (bls. 21)
15. Hver kom út úr húsinu? (bls. 22)
16. Hver sagði: Nú eru allir fiskarnir mínir dauðir? (bls. 24)
17. Hvað átti Oddur? (bls. 25)

18. Hver sagði: En hvað þetta er stórt fiskabúr? (bls. 26)
19. Hvað gaf konan hans Odds strákunum? (bls. 28)
20. Hvað veiddi Oddur handa strákunum? (bls. 30)
21. Af hverju ætlaði Helgi að hjálpa Davíð með fiskana?
(bls. 32)

Svör

1. Hann heitir Davíð
2. Hann langaði í fisk í fiskabúri.
3. Hann mátti óska eftir að fá fiskabúr.
4. Hann vildi fá fiska.
5. Helgi.
6. Því hann var orðinn leiður á þeim.
7. Pabbi átti að sækja það.
8. "Ætlið þið ekki að taka krúsina?"
9. Nokkrir litlir fiskar.
10. Oddur.
11. Stór hundur.
12. Helgi.
13. Hann missti krúsina.
14. Glerbrot og fiskar.
15. Oddur.
16. Davíð.
17. Hann átti stórt fiskabúr og fullt af fiskum.
18. Helgi.

19. Hún gaf þeim djús.

20. Hann veiddi nokkra fiska.

21. Því þeir áttu báðir fiskana.